ana um sig midjan; sáust þá lori hans, sem voru sjáleg og mikil, þá sáust og hans breidu herdar, og bríngan og heir preklegu handleggir; en Atena gekk þá til þjódhöfðingjans, og gerdi allt hans límalag vortuglegra. Furd-adi bidlana stórlæga á þessu, og þá tók einhvorr heirra svo til orda, í því hann leit til þess, sem næstur honum stóð: Senn fer illa fyrir vestlings Trusi, og má hann kenna sjálfum sér um. Enn ad sjá lærastodirnar, sem koma fram undan tóstrunum karlsins þarna! Svo mæltu heir, en Trusi vard illa felmt vid. Eigi ad sídur leiddu þjónarnir hann fram, þá heir hessdu stytt hann upp, og drógu hann med valdi, var hann þá svo hræddur, að holdid nestradi á heinum hans. Antinóus átaldi hann, tók til orda og sagði: þad væri betur, að þú værir efti til, og hesdir aldrei til ordid, eftirtíungurinn þinn, fyrst þú titrar allur og ert lashræddur vid þenna ganila mann, sem órmæddur er af heim raunum, sem hann hesir í ratsad. En eitt skal eg segja þér, sem eptir mun gánga: ef þessi Karl sigrar þig og hesir betur, þá skal eg flytja þig á sif, og senda med þig inn á meginland til Eketuss kóngs, sem sálgar öllum mönnum, er til hans koma; hann mun sníða af þér nef og eyru, flíta undan þér, og gefa þab hundum hrátt ad jeta. Svo mælti hann, en vid þetta setti enn meiri sjálsta ad Trusi; síðan leiddu heir hann fram, og nú reiddu bádir karlarnir upp hnesana. Hann margþjádi, ágæti Odysseisur hugsadi sig þá um, hvort hann skyldi ljósta svo hardt, að Trus felli þegar í stad daudur nidur, ellegar skyldi hann slá linzlega til, svo ad hann ad eins jardvarpadi honum. En er haun taldi þetta í hug sér, leizt honum rádlegra, að ætla sér af, svo Akeea skyldi eigi gruna, hvorr hann væri. Bádir karlarnir reiddu nú til høggs, kom høgg Trusar á

hægri øxl Odysseis, en Odysseifur laust á hálssinn syrte nedan eyrad, svo ad inn sprúngu beinin, gaus þá blóð: spýha fram úr Trusi, hann datt öskrandi til jardar, japladi tórnunum, og brauzt um á hæli og hnæfka. Þeir gófagu bidlar fórnudu þá upp hondunum, og ætlu udu ad sprunga af hlátri. Odysseifur tók í fót Trusar, og dró hann út eptir fordýrinu, þar til hann kom ad forgardinum, og stólpagángs dyrunum, þar reisti hann Trus upp vid húsigards vegginn, létt prikk í hond honum, og taladi svo til hans skjótum ordum og sagði: Sittu nú hérra, og bandadu móti svínunum og hundunum! EKKI SKALTÚ, vesalíngurinn þinn, vera hér kóngur yfir gestum og gángandi, nema þú viljir enn verri sør sara. Æd því mæltu varpadi hann á bak sér heim herfilega malpoka, sem víða var görttur, og í fléttuband til ad halda í. Hann gekk nú aptur ad þrosskuldinum, og settist þar; en bidlarnir gengu inn í stofuna, og hlóu dátt, fognudu Odysseifi og sögdu: Seifur og adrir ódaudlegir gudir veiti þér, gestur, allt hvad þú helzt æssir þér, og þér er hjartkærast, syrte þad ad þú vandir af komur þessa matháks hér um bygði: ir; því brádum munum vér flytja hann inn á meginland til Eketus kóngs, sem sálgar öllum mönnum, er til hans koma. Svo mæltu heir, og vard Odysseifur gladur vid þessa ordheill. Þá lagdi Antinóus syrte hann stórt blödmörssidur, en Amfinómus tók tvø braud úr körfunni, og lagdi syrir hann, drakk honum síðan til af gullbikar, og sagði: heill þér, gestur sœll, eg óska, ad þér hlotnisti lán og hamningja seinni meir, þó þú egir nú vid morg bágindi ad berjast. Hinn rádagóði Odysseifur svaradi honum, og sagði: Svo lízt mér á þig, Amfinómus, sem þú munir vera madur hardla

vitur, áttu og kyn til þess, þar sem hann fadir þinn var. Heyrda eg þar fagurt frá sagt, ad Christus frá Dú-
 liksey væri ødlingur af manni og vel fjáduri; er mér sagt,
 ad þú sert sonur hans, lízt mér svo á þig, ad þú munir
 vera valmenni. Þess vegna ætla eg ad segja þér nokk-
 ud, taktu nú eptir, og hlustadu til. Ekkert af öllu því,
 sem á jördu andar og bærist, er ístodumina, en mad-
 urinn. Medan gudirnir veita honum velgengni og lík-
 amsfjör, hugsar hann, ad hann muni aldrei nokkuru
 illu møta framvegis. En þegar heir sælu gudir láta
 bólid einneginn faka í hans skaut, þá prokar hann þad
 fram af sér, og unir illa hlutfalli sínu. Því lund-
 jardnessra manna er eins og dagurinn, sem fadir manna
 og guda lætur yfir þá komia. Sí var og tíðin, ad eg
 gat verid lánsmadur, en eg framdi margt osíki, þar eg
 treysti á mátt minn og megin, og reiddi mig á födur
 minn og brædur mína. Því skyldi einginn madur nokk-
 uru sinni vera örættvis, heldur njóta med spekt heirra
 gjasa, sem gudirnir veita honum. Ævo sé eg og, ad
 bidlar þessir hafa morg illverk í frammi, eyda eignum og
 svívilda konu þess manns, er eg hygg ad ekki muni hér
 eptir lengi vera fjærivistum frá vinum sínum og födur-
 landi; nei, eg hygg hann vera allnærri. Vildi eg því
 óffa, ad einhvør bjargvættur leiddi þig heim hédan, svo
 þú yrdir eigi á vegi hans, þegar hann kemur heim í sitt
 færa födurland; því þad er ætlan míni, ad heir muni
 ekki vandrædalauſt skilja, bidlarnir og hann, þegar hann
 er kominn undir húshaf sitt. Þá hann hafdi þetta sagt,
 dreypti hann því sæta vini, drakk síðan, og rétti bikar-
 inn aptur ad þjódhlöðingjanum. Geft Arnfinðum þá
 um gólf í stofunni, drap nidur höfri, og lá illa á hon-
 um, því nú tók hann ad óa fyrir einhvörrí ógæsu. En

allt fyrir þad vard eigi seigum forðad; því Atena kom á hann herfjórum, svo hann skyldi verda vopndaudur og falla fyrir spjóti Telimakkusar. Settist hann þá aptur á hann stól, sem hann hafdi ádur á setid.

Hin bláeyga gytja Atena blés nú því í brjóst hinni vitru Penelopu Íkariusdóttur ad gánga á fund bidlsanna, til þess heim skyldi verda sem heitast um hjartarætur, og hún sjálf meir metin en ádur af manni hennar og syni. Hún gerdi sét nú upp hlátur, tók til orða og sagdi: *Evrynomá*, allt hvad bidlarnir eru mér leidir, þá lángar mig þó til, aldrei þessu vant, ad gánga á fund heirra. Eg vildi segin rádleggja syni mínum, þad sem betur má fara, ad hafa ekki miðg mikil með vid þá yfirgángsömu bidla, sem tala fagurt, en búa yfir illu. Matseljan *Evrynomá* svaradi henni: allt er þetta vel mælt, sem þú segir, dóttir góð! Far þú, og ráð syni þínum heilt, og leyn aungvu af, en fyrst skaltu þó þvo þér og smyrja þig í framan; þú skalt ecki gánga fram frona, eins og þú ert, med andlit vott af tárum: þad er ekki gott ad vera í sífeldri sorg, sem aldrei linnit. Nú er líka sonur þinn kominn á hann aldur, ad þú sér hann ordinn frumvarta, eins og þú badst hina ódaudlegu gudi ad þér mætti andnast. Hin vitra Penelopa svaradi henni: *Evrynomá*, miðog lætur þú þér um mig hugad, en þess vil eg bidja þig, ad nefna þad ekki vid mig, ad taka lang eda smyrja mig; því gudirnir, sem á Olympi búa, hafa svípt mig veglyndi mínu, síðan ad madurinn minn fór utan. Segdu nú henni Autonóu og Hippodamíu ad koma; eg ætla ad láta þær vera hjá mér í stofunni, því eg fyrirverð mig ad gánga einsömul inn til karlmanna. Eso mælti hún, en hin aldrada kona gekk út úr herberginu, til ad flytja

konunum þessi bod, og segja þeim ad koma. Hín bláeyga gydja Atena hafdi nú annad ráð med hondum: hún brá sætum svefn yfir Íkaríusdóttur, svo hún hneig aptur á bað og sofnadi, urdu allir límir hennar lé magna, þar sem hún sat á legubeknum. En á medan hún svaf, veitti hin veglega gydja henni himnessar ást: gjafir, til þess ad Akkeum skyldi verda starshyt á hana: fyrst fágadi hún hennar fríða andlit med himnesski segur, hvílikri er hin sagurbeltada Kyterez ber á sig, þá hún gengur í hinn ununarsfulla dansflokk Pottagyðjanна; því næst gerdi hún hana hávarnari og þreknari á ad sjá, og hörundshjartari en fágad súlsbein. Og sem hin ágæta gydja hafdi aflokid þessu, gekk hún burt. Nú komu hinar hvítormudu þjónustumeyar út úr herbergi sínu, og fóru med miklum glaumi. Þid þad brá Penelopa þeim væra blundi, hún strauk um vángr sér, og sagdi: mikil væran svefn hefi eg haft, rauna: mædda kona! Eg vildi óska, ad hin hreinlísá Artemis veitti mér nú þegar í stád eins hægan daud: daga, svo eg ekki framar þurfi ad eyda æsi minni í tár: um og trega út af söknudi eptir minn ástkæra mann, sem skaradi fram úr sllum Akkeum ad allskonar atgervi. Ad hví mæltu gekk hún ofan af þeim glasilega loptsal, og tvær þjónustumeyar med henni. En er hin ágæta kona kom þángad, sem bidlarnir voru, nam hún stadar vid dyrustaf hins traustsmídada húss, og hafdi fyrir and: liti sér sinágsorva hósfudblæu, og stóð sín þjónustumey til hvorrar handar henni; urdu þá knjálidir bidlanna magnþrota, hví hjortu þeirra urdu ástum heillud, og lángadi þá alla til ad samrekja henni. Hún tök þá svo til orda vid Telemakkus, sinn ástkæra son: Nú er ekki framar sú stadfesta í gedi þínu, Telemakkus, eda

þau hyggindi, sem ádur voru. Þad bar jasnvel meir á hyggjuviti hjá þér, medan þú enn varst úngur. En nú, þegar þú ert varinn madur og í broddi lífs þins, þegar jasnvel útlendur madur, sem sei, hvad þú ert vortuslegur madur og frídur sýnum, mætti segja, ad þú værir sels manns sonur, nú er ekki lyndi þitt eda hyggja, eins og vera ber. Hvílkt aihæfi er þad, sem hér hefir framfarid í höllinni, ad þú skulir hafa látid vidgángast, ad gesti þessum væri nísibodid svo freklega! Héyr þú! vita skaltu þad, ad ef ókunnur madur verður fyrir svo sársum hrafnungi medan hann er í vorum hýbýlum, þá munu þar af hafa smán og svíveldingu af hvørjun manni. Hinn greindi Telemakkus sváradi henni: EKKI lái eg þér, módir míin, þó þér skyki fyrir af þessu. Fyrr meir var eg sem barn, en nú hefi eg fullt vit, og sé, bædi þad sem vel má fara, og eins hitt sem midur fer. Þó get eg ekki haft eins viturlega fyrirhyggju fyrir öllu, sem skyldi; hví þessir illviljdu menu setjast ad mér hvorr á fætur öðrum, og glepja fyrir mér, en atsfodarmenn hefi eg aungva. EKKI fór þó bardagi gestsins og hans Trusar, eins og bidlarnir mundu óf: ad hafa, hví gesturinn bar hærra hlut. Fadir Seifur og Atena og Appollon! eg vildi ófka, ad bidlarnir legi nú yfirkomir og máttvana í vorum húsum, sumir í forgardinum, sumir inn í höllinni, eg væri nú eins nidnrlútir, og hann Trus nána, sem situr í forgardsdyrunum, og hengir nidur haußinn, sem drukkin madur, getur ekki staddir réttur á fótum, og ekki komið þang: ad sem hann á heima, svo er hann magnþrota. Nannig toludust þau vid, mædginum. Þá sagdi Evymakkus vid Penelopu: Dóttir Íkaríuss, vitra Penelopa! ef allir þeir Atkear sœu þig, sem búa í hinu íasiska Ar-

gíalandi, þá mundu fleiri bidlar ad veizlu sitja í húsi
 um ydrum á morgni hvørjum; því þú ber af öllum
 konum bædi ad vænleik og vexti og ad jafnadragedi. Þín
 vitra Penelopa svaradi honum: Ertýmakkus, hinir ós-
 daudlegu gudir hafa drepid nidur atgervi minni, vexti
 og vænleik, síðan Argíar fóru upp til Ilusborgar,
 og Odysseifur, madurinn minn, með heim. Ef hann
 væri nú heim kominn ad annast bú mitt, þá mundi
 vera meira og segra af mér ad fréttu. En nú er eg
 hugssjúk, því gud hefir látid sve margt mótlæti ad mér
 stedja. Aldur en Odysseifur fór úr landi, tók hann
 um úlnlid hægri handar minnar, og kvad svo ad ordi:
 Það er grunur minn, kona, ad hinir hardbrynjudu Álfes-
 ar muni ei allir heilir heim aptur koma frá Trójub-
 org; því sagt er, ad Trójumenn séu hraustir bardagas-
 menn, bædi gódir skotmenn og bogmenn, þar með góð-
 ir riddrarar, sem skjótast mega umskipti gjora í stórum
 fólkorustum. Veit eg því eigi, hvort gud lætur mér
 heimkomu aubid verda, eda muni eg falla þar í Tró-
 julandi. Nú skaltu hafa umsjá syrir öllu, sem hér er,
 annast födur minn og módur mína, sem heima eru, eins
 og þú gerir nú, edur jafnvel betur, medan eg er í
 burtu. En þegar þú sér, ad sonur ofkar er frumvaxta,
 þá skaltu giptast heim manni, sem hér er ad skapi, og
 sara burt úr húsi þínu. Svo mælti hann, og mun nú allt
 þetta fram koma; því sú uótt mun koma, þá hin fagn-
 adarlausa gipting verdur mitt hlutfall, vesellar konu,
 sem Seifur hefir svipt allri hamtingju. Eitt, sem tek-
 ur mig sárt í hug og hjarta, er þad, ad þad var ekki
 fidur bidla syrr meir, ad haga sér þannig. Peir, sem
 vilja bidja sér gosfugrar konu og ríks manns dóttur, og
 nokkur metningur er í, heir færa heim til brúdurinnar

nært og feitt sandfē, til mannsagnadar handa vinum mey-
arinnar, og gesa henni sagrar gjafir, en hafa ekki þann
síð, ad eyda sjármunum annara bótalaust. Óvo mælti
hún, en hinum margþjáda, ágæta Oðysseisí þókci vænt
um, ad hún lokkadi af heim gjafir, og hylsti þá med
sagurgali, þar sem hún þó haf. i annad í hygaju. An-
tinóus Ewpítesson svaradi henni: Dóttir Íkaríus,
vitra Penelopa! Pigg nú þá gjafir þær, er hvorr Af-
fea vill hingad fera; því vandt er velbodnu ad neita.
En ekki munum vér fyrr hversa til heimkynna vorra,
eda fara nokkud annad, en þú gengur ad eiga þann af
Afkeum, sem gögastur er. Óvo mælti Antinóus, og
likadi bitlumum vel tillaga hans. Endi nú hvorir þeirra
sinn fallara til ad íækja gjafirnar. Einn færði Antinó-
usi stóran, prýðilegan móttul, allá vega litan, á honum
voru ekki færri en 12 frókapor úr gulli, sem felli i
fallega beygdar lykkjur. Annar færði Evrymatéusí hag-
lega tilbúna hálfestu úr gulli, hún ljómadi eins og sól,
því fæstarnir í milli voru af lýsigulli. Þeir sveinar
ferdu Evrydamanti vondud eyrnagull með þremur töl-
um í, skein af heim mikil segund. Einn sveinninn kom
med hálgjörd heiman frá höfdingjanum Píssander Po-
lyktorsyni, þad var hin segursta gersemi; og sína gjöf-
ina færði hvorr af Afkeum. voru þad allt sagrar gjaf-
ir. Eptir þad gekk hin ágæta kona upp á lept, fóru
þjónustumeyarnar med henni, og báru þær fógru gjafir.

Nú fóru bidlar nír hángad sem dansleikurinn var og
hinn umunarsfulli saungur, skemtu sér þar, og bidu þess
ad kvöldadi; og medan þeir voru ad heirri skemtan,
datt þad dimma kvöld á. Samstundis létu þeir upp
setja í hóllinni þrjá eldpalla, til ad hýsa hóllina; lögdu
þeir í kríng á pallana þurkadan eldivid, syrir laungu

skrælnadan og gagnþurran, myklofinn med öri, þar létu
 þeir og blys á medal; gengu ambáttir hins þolgóða
 Odysseifs ad til skiptis, - og glæddu eldana. Hinn seif-
 borni, rádagöði Odysseifur taladi þá til heirra: Þér
 ambáttir Odysseifs konungs, þess er lengi hefir á bnrnu
 verid, gángid til heirra herbergja, er hin virduglega
 drottning byggir, sitjir þar hjá henni í herbergini, henni
 til skemtunar, og spinnid band eda kembid ull. - En eg
 skal annast, ad aungvum þessara skal ljós skorta; hví
 þó heir vilji vaka til lýsingar, skal ekki bilbug á mér finna,
 hví eg hefi mjög margt þolad. Evo mælti hann, en
 þær hlón, og litu hvor upp á adra. Þá atyrdti hann
 hin kinnagra Melantó smánarlega. Þatir hennar hét
 Dolius, en Penelópa ól hana upp, sem hún væri dótt-
 ir hennar, og gaf henni barnagull til ad leika sér ad.
 Þó gekk henni ekki til hjarta sú hugraun, sem Penelópa
 hafdi, heldur lagdi lag sitt vid Ærvýmakkus,
 og unni honum. Hún atyrdti Odysseif med þessum
 smánar orðum: þú ert eithvad ekki med öllum mjalla,
 gestur hinn vesæli, þar sem þú vilt ekki gánga út í smid-
 ju eda út í skrafhus (skála) til ad sofa, heldur slórir
 hér og lætur allt á þér vada. Eda er þessi oftæti í
 þér, af hví þú hafdir sigur yfir húsganginum, honum
 Trusi? Það skyldi ekki verda, ad einhvorr gengi senn til
 móts vid þig, sem meiri væri fyrir sér, en hann Trus,
 berdi þig um høfudid med hnúum og hnefum, og ræki
 þig svo alblodugan út úr skosumni. Hinn rádagöði O-
 dysseifur leit til hennar reiduglega, og sagdi: Og jeg
 skal upp á stundina fara til hans Telemakkusar þarna
 og segja eptir þér, tæfan þín, fyrir ordin, sem þú
 brukar, svo hann skal høggva þig í sundur lid fyrir lid,
 þar sem þú kendur. Evo mælti hann, og skaut med

þessum ordum ambáttunum skelt í bríngu; Þær flýttu
 sér út úr stofunni, og skjógrudu undir heim fæturnar af
 hræðslu, því þær hugsuðu, að honum væri alvara. En
 hann nam stadar hjá eldpollunum, og gerdi að logunum,
 og hafði augun á öllum pollunum, en var þó að hugsa
 um annad med sjólfum sér, sem seimna kom fram. Atena
 lét þá vestu bidla efti med öllu hætta módgandi smán:
 arordum, til þess Odysseis Laertessyni slyldi verda
 enn sárara í skapi. Eorýmaekus Polýbusson tók svo
 til orda vid bidlana, og dró spott ad Odysseis, því
 hann vildi koma félögum sínum til að hlæa: Hlydid
 til, þér bidlar ennar víðfrægu drottningar, medan eg
 segi þá sem mér dettur í hug. Efti hefir þessi madur
 komið í höll Odysseis án einhvorrar sérlegrar ráðstöf:
 unar guds. Mér sýnist bjármí leggja út af honum og
 upp af høfði hans, rétt eins og af blysunum; því efti
 sest minnsti vottur til hára á høfði honum. Ad því
 mælu sagði hann vid Odysseif borgabréf: Neili þú
 viltir, gestur, verda kaupamadur hjá mér, ef eg vildi
 taka þig, til að tina sainan þyrra og gródursetja hávar:
 in tre á einhvörju útbui mínu? Þú slyldir fá nægiz:
 legt kaupgjald, og nögan matinn slyldi eg þá gefa þér,
 og sot utan á þig, og skó á fæturnar. En eg byst
 efti vid, að þú nennir ad gánga ad vinnu, þar sem
 þú efti hefir óbnu vanið en ómennskuverkum einum; hitt
 mun þér ljúfara, að gánga um bygdir og sníkja þér út
 mat til að lata í hit þína, sem aldrei verdur fyllt.
 Hinn rádagödi Odysseisur svaradi honum og sagði: Þú
 segdir annad, Eorýmaekus, ef vid ættum bádir að kepp:
 ast hvorr vid annan í vinnu, einhverfstadar þar sem lod:
 id væri, á vortíma, þegar dag væri farid að lengja, og
 slyldi eg hafa sallega lagadan ljú, og þú annan, eisys

góðan; skyldum vid svo reyna ofkur, hvort betri verf madur væri, og vera fastandi allt til rokkurs, en grasid skyldi vera nóg. Eda þá, ef vid hefdum tvø naut ad keyra, þau skyldu vera útvalin, brondótt, stórt, hædi vel alin, jafngømul, jafnsterk og óbilug til hols, skyldum vid hafa fjögur plöglönd ad erja, og jardvegurinn láta vel undan plógnum: þá skyldir þú sjá, hvort eg gæti haldid einlagt fram beinni ristunni. Eda þá, ef Kronusson léti einhvörn ófrid ad hendi bera í dag, og eg hefdi skjöld og tvø spjót, og hjálmi, allan úr eiri gjörvan, sem vel felli ad höfni mér: þá skyldirdu sjá, hvorninn eg skyldi berjast í þjósti sylkingar, og þá skyldirdu ekki þurfa ad brigzla mér um hitina. En þú ert ofstopafullur og ómuglega lyndtur, þykist mikill syrir þér og hafa bein í hendi, af því þú ert med fáum mænum, og aungvum þeim, sem dád sé í; því ef Odysseifur væri heimi kominn í fodurland sitt, þá spái eg, ad þó hallar-dyrnar hérra séu ærid vídar, mundu þær þó verda þér þraungar útgaungu, þegar þú færir ad flýa fram eftir fordyrinu og út. Svo mælti hann, en Erymaðkus vard vid þetta afarreidur, leit til hans illilega og sagði: Eg skal senn gjalda þér þad grálega, þú armi gestur, ad þú talar svo djasflega í margmenninu, og sést ekki syrir. Annadhvort er, ad vínid hefir svifid á þig, ellegar þetta er hitt lundarlag, sem alltaf lodir vid þig, ad hreyta fram ónýtum ordum. Þá hann hafdi þetta sagt, tók hann sótastórina, en Odysseifur settist nidur hjá Enján Almfinomusar frá Dúliksey, því honum stóð ötti af Erymaðkus; en Erymaðkus laust hægri hond byrlarans, svo vatnskannan fell og skall í gólfid, en hann rak upp hljód, og datt upp í lopt á jordina. Gerdu bidlarnir nú mikinn hávada í þeim skuggalegu

herbergjum, og þá sagði einhvorr þeirra, í því hann leit til hess, er næstur honum sat: Þad væri óskandi, ad hessi gestur hefdi bedid bana einhvorstadar annarstad: ar á flakki sín, ádur en hann kom hingad; þá hefdi hann efti vakid hér slika styrjöld. Nú þar á móti þráttum vér um fátæka forumenn. Þad er efti von, ad nokkur ánægja geti orðid ad góðri veizlu, þegar þad ræður, sem verra er. Sá ágæti höfdingi Telemakkus taladi þá til þeirra: vesælir menn, þér takid nú til ad gjørast ódir, og fáid nú efti dulid, ad þér hafid neytt matar og drykkjar í óhófi; þad er eins og einhvorr gud æsi ydur upp. Nú er ráð, þar þér hafid snædt til hlítar, ad þér gángid heim, til ad taka á ydur nádir, þegar ydur þykir mál til sjálfsuni; því eingum vísa eg á burt héðan. Evo mælti hann, en þeir bitu allir á varirnar, og furdadi á, hvad Telemakkus var djarsmæltur. Þá tók Almfinómus til orda og sagdi: Einginn má reidast saunmælumum, gódir menn, eda svata heim illu. Látid nú af ad hrekja gest þenna, eda nokkurn af þrælum heim, sem eru á heimili hins ágæta Odysseis. Nú skal byrlarinn skenka á bordkerin, sulum vér þá dreypa dreypisörn, og ad því búnu gángra heim, ad taka á oss nádir, en láta Telemakkus annast gestinn í herbergjum Odysseis, því hann leitadi hælis í hans húsi. Evo mælti hann, og fell heim öllum vel í ged, þad sem hann sagdi. Ödlíngurinn Múlius, kallari frá Dúl-ísey, blandadi vínid í skaptkerinu, hann var þjón Almfinómusar; hann gekk til hvors manns, og sekk hvørjum sinn bikar; en þeir dreyptu heim sœlu guðum, og drukku svo hid hunangseta vín. En er þeit höfdu dreyp特, og drukkið, sem þá lysti, gekk hvorr heim til sin, og fóru ad hátta.

Odysseis drápa.

Nítjánda bók.

Snittak: Odysseifur og Telemakkus koma vopnunum undan. Odysseifur átal vid Penelopu, og segir henni frí ferdum sinum, hún lætur gjøra honum fótslaug, og há hekkir Eorýklea, fóstra hans, hann á øri á fætinum eptir sár, sem hann syrr meir hafdi fengid á dýraveidum. Penelopa segir Odysseifi draum sinn; hún ræður þad af, að giptast heim af bidlum hennar, sem hogsterkastur sé og beinstkeytastur; hví næst gengur hún til hvílu.

Hinn ágæti Odysseifur var nú eptir í höllinni, og var að hugsa um að fyrirkoma bidlunum med tilhjálp Atenu. Hann taladi þá þegar til Telemakkusar skjótum ordum: Nú skaltu taka óll hervopnin og láta þau inn; en þegar bidlarnir sakna heirra, og fara að spyrja þig að heim, þá skaltu tala til heirra blídlega svo feldunu ordum: Eg tók þau úr reiknum, skaltu segja, þau eru nú ólík hví, sem þau voru fórdum, þegar Odysseifur skyldi þau eptir, ádur hann fór til Trójuborgar, hví þad hefir fallid á þau, þar sem svælan hefir nád ad komast ad heim. Þar að auki skaut einhvorr gud, skaltu segja, í brjóst mér nokkuru, sem meira vardar: ef svo kynni til að bera, að þér yrduð vínudruknir, að deila kæmi medal ydat, þá vildi eg ekki, að þér bærust vopn á, og gerduð þar med veizluspjöll

og smánuðud bónord ydar; því sjálft labar veganda vopn. Svo mælti hann, en Telemakkus gerdi, sem fadiv hans hand, kalladi á Vorýkleu, fóstra sína, og sagdi: Gerdu nokkud fyrir mig, fóstra míni, ad þú haldt ambáttumum inni í herbergjum sínum, medan eg kem fyrir heim ágætu vopnum fóður míns uppi á geymslu: loptinu; þau hafa legid hér í stofunni umhirdingarlaus, af því fadir minn hefir ekki verid vid, og hefir því fallid á þau í reyknum. Eg hefi hingad til verid athugalaus um þau, en nú ætla eg ad hírda þau þar, sem reykjarsvælan kemst ekki ad heim. Þin kæra fóstra Vorýklea svaradi honum: Eg vildi óska, sonur sækil, ad þú fengir þó einhvörntíma skynbragð á, ad annast heimilið og gæta allra eigna hinna. En heyrdu til! hvor á ad fara med þér, og halda á ljósini, fyrst þú bannar ambáttumum ad gánga fram? því annars gætu þær lyft þér. Sá greindi Telemakkus svaradi henni: Það skal gesturinn þarna gera; því aungvann þann, sem er á mínum kosti, vil eg láta vera ydjulausann, enn þótt lángferdamadur sé. Svo mælti hann, en hún hugfesti ord hans, og skaut loku fyrir dyr hinna byggilegu herbergja. En þeir spruttu upp, Odysseifur og hans frægi sonur, og báru inn hjálmana, þá bjúgrendu skyldi og hin oddhyrossen spjót. Pallas Atena gekk á undan heim, og héldt á gulllampa, og létt bjart verda allt í kríngum þá. Þá sagdi Telemakkus vid fóður sinn: Mikil furða er þetta, fadir minni, sem nú ber fyrir augu mér; mér sýnist stofnveggirnir, hinar fógru veggjaz lautir, furusyllurnar og hinar háttgnæfandi sídur ljóma allar, eins og logandi eldur. Hér er vist inni einhvorr af heim gudum, sem byggja hinn víða himin. Hinn rádagöði Odysseifur svaradi honum og sagdi: þegi þú,

geymr hefta med sjálfum þér, og grenslast ei þar eptir. Þetta er vandi gudanna, sem á Olympi búa. Gaff nú til hvílu, en eg ætla ad verda hér eptir, til þess ad erta ambáttirnar, og vekja enn fremur myngagírn módur þinnar, sem sergbitin mun spyrja mig allskonar tilinda. Svo mælti hann; gekk Telemakkus þá med logandi blísum út úr stofunni, til ad hátta í því svefnherbergi, sem hann ádur var vanur ad hvíla í, hvort sinn sem sætur svefn kom á auga hans. Hann lagdist nú og þar til svefn, og beid lyssingar. En hinn á gæti Odysseifur var eptir í stofunni, og var ad hugsa um ad fyrirkoma bidlunum med adstod Atenu.

Hin vitra Penelopa gekk nú út úr herbergi sín, lík Artemis eda hinni gullfögru Afrodítu. Nálægt eldinum var settur legubekkur handa henni, sem hún var von ad sitja á; hann var lagdur fílsbæni og silfri, hafdi smidurinn Íomalius smíðad hann bekk fordum, og gert undir nidri fótaskor til ad standa á, og var hún áfost vid bekkini sjálfan, en yfir bekkini var breidd stórt gærniskinn. Hin vitra Penelopa settist á þenna bekk. Þá komu ambáttirnar fráin úr herberginu, og tóku kurt alla vistina, sem og bordin og þau bordkér, sem heit ofurhugudu bidlar hfsdu afdrukkid; þær steyptu eisjunni á gólfid úr eldpottunum, og hlódu þar á aptur miklu af mynum eldivid, til ad lýsa og verma stofuna. Þá athyrdi Nélanþó Odysseif i ødru sinni, og sagdi: ætlardu einn þá, gestur, ad reika hér um stofuna, og þad á náttarþeli, svo einginn hefir nævi fyrir þér? eru á gægjum eptir okkur kvænnfólkini? Fardu á dyr, aumínginn þinn, og láttu þér nægja, ad þú hefir fengið matinn í þig, ellegar jeg skal fleygja í þig eldibrandi og reka þig út. Hinn rádagödi Odysseifur leit til

hennar med reidisrip, og sagði: Hvad kemur til, am-
 báttin þín, ad þú slæst sona upp á mig í vondsku? Er
 þad af því, ad eg er óhreinn eg í vondum fótum, og
 bid mér ólmusu um bygðarlag manna? En neyðin
 þrýstir mér til þess; fátæklingar og fórumenn eiga þátt
 í síku. Þær voru tíðirnar, ad eg átti og hamningju-
 láni ad fagna og átti audugt bú, gerdi eg þó morgum
 fórumanni gott, sem til míni kom, hvorsu aumlegur
 sem hann var, og hvors sem hann vidþurfti. Eg átti
 og ótal þræla, og marga hluti adra, sem heir einir
 eiga, er velsældarmenn eru og audmenn eru falladir.
 En Seifur Kronusson brá þessu láni, því sá hefir
 verid hans vilji. Eins mætti svo fara, ad rembiðrætid
 lœkkadi í þér, konufind, sem þú nú hefir um fram adrart
 ambáttir. Hvort veit, nema hüssmódir þín reidist þér
 syrir eittkvad, og láti þig kenna á hördu, eda þá ad
 Odysseifur komi heim, því ekki er enn syrir von
 komið um þad. En þó hann væri undir lok lidinn,
 og hans eigi framar heim von, þá er þó Appolloni
 svo syrir þakkanda, ad Odysseifur á efnilegan son, þar
 sem Telemakkus er, sem nú er kominn á þann aldur,
 ad hann hefir gát á, ef einhvør ambáttin er ofskjus
 full á heimilinu. Svo mælti hann, en hin vitra Pene-
 lopa heyrdi, hvad hann sagði; hún deildi þá á þernuna,
 tek til orda og sagði: Fullvel veit eg, þú djarfa og
 ósvífna ambátt, hvort stórrædi þú hefir med hóndum,
 og mun þad sjálfti þér í koll koma. Þú hafdir þó
 heyrta mig sjálfa segja, svo þér var þad fullkunnugt,
 ad eg ætladi ab spyrja gestinn ad manni mínum hér í
 hellinni, sökum þess ad sorgin gengur svo fast ad mér.
 Ad því mælu talabi hún til matseljunnar Evrýnómu:
 komdu hingad með stól, Evrýnóma, og breiddu feld

yfir hann, skal gesturinn sitja þar á, og skulum við hafast ord við, hví eg vil spyrja hann tídinda. Svo mælti hún, en Vorýnóma brá við skjótt, sökti stól og setti fram á gólfid, og breiddi yfir hann gæruslinn. Æd hví búnu settist hinn þolgóði, ágæti Odysseifur á stólinn, en hin vitra Penelopa tók svo fyrri til málss: Fyrst vil eg spyrja þig, gestur, ad hví, hvorr þú sért, og hvorra manna; hvar áttu heima, og hvar búua foreldrar þínir? Hinn rádagóði Odysseifur svaradi henni og sagdi: Traudlega mun nokkurr sá daudlegur madur finnast í víðri veroldu, sem leggi þér last til, drottning, hví frægd þín fer svo lángt, sem himininn nær; þad fer ord af þér, eins og af einhvörjum ágætismanni eda heim gudhræddum konungi, sem rædur yfir fjölmennri og hraunstri þjód, og verndar lög og réttindi; af hví stjórnin fer honum giptusamlega úr hendi, þá ber hin dökleva jörd hveiti og bygg, trén svigna af aldinum, ænar eiga lombin ódum, og fiskurinn gengur ad landinu, svo ad landsfólkid lífir sœlu lífi undir hans stjórn. Þess vegna skaltu nú heldur spyrja mig ad einhvörju öðru hér í hóll þinni, en fréttu eptir öett minni og fðurlandi mínu, svo þú ekki fyllir huga minn med enn meiri sorgum, þá eg minnist þess; hví eg er mikill raunamadur. Mér sómír ekki heldur, ad sitja kveinandi og grátandi í annara manna húsum, eins og þad ekki er hóllt fyrir mann, ad vera ætid sísyrgjandi. Vera kann líka, ad einhyvr ambáttanna, edur og þú sjálf, lái mér þad, og haldi, ad eg sjóti í tárum, af hví eg sé ólvadur. Hin vitra Penelopa svaradi honum: Gestur, hinir ódaudlegi gudir hafa drepid nidur atgervi minni, bædi verti og vænleik, síðan ad Argízr fóru upp til Ilusborgar, og Odysseifur, madurinn minn,

med þeim. Ef hann væri nú heim komlinn ad annast bú mitt, þá mundi vera meira og segra til minn ad spyrja. En nú er eg sorgbitinn, þar ed Gud hefir látid mér svo margt mótlæti ad hendi bera. Þess vegna hinni eg hvørki gestum, né naudleitamönnum, né heldur sendimönnum, sem fara í alþjóðleg erindi; því hjarta mitt er vanmegnad af söknudi eptir hann Odysseif minn. Bidlarnir vilja flýta giptingu minni, en eg beiti brögðum vid. Fyrst blés einhvor gud mér því i brjóst, ad eg setti upp mikinn vef, og óf smágjorva og uns málsmikla vod i herbergi mínu. Þá sagdi eg til þeirra: hér úngu menu, sem nú bidjid minn, þar ed Odysseifur er daimur, bídid, þó ydur sé annit um ad ná rádahag vid mig, uns eg hefi lokid vid dükinn, því mér er ekki um, ad vesturinn verdi mér ónytur; þad á ad verda náklædi handa ödlingnum Laertes, þegar sú fadræna Banagyðja, semi rædur syrir daudanum, er manninn leggur flatan, hefir yfirbugad hann. Því vera kann, ad komur AKEA hér í landi lái mér, ef hann liggur umbúdalans, svo audugur madur. Svo mælti eg, og félust heir á þetta; óf eg svo hinn mikla vef á daginn, en rafki upp aptur á næturnar vid ljós. Þannig fékk eg leynt þessu í þrjú ár, svo AKEA grunadi ekki. En er þad fjórða ár gekk í gard, og ný misseri komu ad hendi, þá voru þernurnar svo ó: svífnar og skreytingarlausar, ad þær komu óllu upp um mig, komu heir þá ad mér, þar sem eg var ad verkini, og átoldu mig hardlega. Þannig neyddist eg til ad ljúka vid vesinn, þó mér væri þad móti skapi. Get eg nú ekki lengur undan rádahagnum skorazt, og hefi eingin úrrædi framat; því foreldrar míni reka eptir mér ad giptast, og sonur minn unir illa sínum hlut,

síðan hann er ordinn þess visori, ad bidlarnir eta upp eigrur hans. Hví nú er hann ordinn fulltida madur, svo hann er fær um ad veita búinn forstodu, og Seifur er tekin til ad veita honum vyrðingu. En hvad sem þessu lídur, þá seg mér nú ætt þína, og hvadan þú ert upprunninn; hví ekki muntu vera kominn af fornri eik, eda úr hömrum hlaupinn. Hann rádagódi Odysseifur svaradi henni og sagði: Þú heidvirda kona Odysseis Laertessonar! ætlar þú enn ekki af ad láta ad spyrja mig um ætt mína? Eg skal þá segja þér frá henni. Ad sonnu muntu vid þetta auka á þá sorg, sem eg nú hefi; hví von er, þó heim manni sé sárt í skapi, sem eins lengi hefir í burtu verid frá földandi sínu, eins og eg, hrofizt um mæg bygdarleg manna, og þolad ymsar raunir. Eigi ad sídur skal eg segja þér frá því, sem þú spyr mig ad og þér er forvitni á ad vita.

Midt úti á því dymma hafi er land nokkurt, sem heitir Krítey, þad er sagurt land og frjófssamt, og umflokk af sjó. Þar búa svo margir menn, ad varla verdur tolu ákomid, þar eru nái thýgir borga, og sfiptast þar túngumál mjög ýmislega, því þar eru Afear, þar eru hinir hugstóru Frumkríteyingar, þar eru Rýdónar og hinir þrídeildu Dórar, og hinir ágætu Pelasgar. Ein af þessum borgum heitir Knósus, þar var Minos konungur í nái ár, málvinur hins mikla Seifs; hann var fadir födur míns, hins stórhugada Devkalions. Óid vorum synir Devkalions, Idomeneifur konungur og eg. Idomeneifur fór á staðubognum sippum til Íslusborgar með Atreifssonum. Óafu mitt er allfrægt, eg heiti Eton, var eg yngri ad aldri, en brödir minn var eldri og meiri fyrir sér. Þar já

eg Odysseif, og gaf honum gestgjasir; hví þegar hann ætlaði til Tróuborgar, þá hrakti stórvíðri hann frá Malíuhæfda, og bar hann til Kríteyar; hann kom skipi sínú upp í Aminíusá, þar sem hellir Ílítýu er, þar var hættuleg hófu, og komst hann nauduglega undan of- vidrinu. Undir eins og hann kom til borgarinnar, spurði hann ad Idomeneisti, hvadst hann vera ástær og heid- virdur gestfélagi hans; en hann var þá farinn med þau stafnbognu skip til Ilusborgar fyrir 10 eda 11 dögum. Eg leiddi Odysseif heim til hallarinnar, og tók honum gestbeinlega, og gerdi vid hann ástúdlega, hví gnógt var til innan hallar; gaf eg honum og fé- lögum hans, sem med honum voru, byggmélskokur og skært vín og naut til sláturns, ad heit hefdu þad til sadnings sér; safnadi eg heim gjøfum hjá alþýdunni. Hinir ágætu Alkear dvoldu þar 12 daga, hví heir voru vedurfastir í nordanstormi svo hvossuni, ad efti var stædt á landi, hafdi einhvorr gub gert þad vedur í reidi sinni. A þrettanda degi féll vedrid, og lögdu heir þá til hafs. Þó öll þessi saga væri uppdiktud, kom hann henni þó fyrir svo likindalega, ad hún sýnd- ist sennileg. Og sem Penelopá heyrði søguna, þá hrundu henni tár, og yfirlitur hennar hjadnadi. Eins og snjór, sem drifid hefir í útnyrdingi, þydnar á hásum fjöllum í landsynnings hláku, svo voxtur kemur í árn- ar vid leysinguna: eins hjódnudu hennar frídu kinnar, þegar hún útjós tárnum, og grét manninn sinn, sem þá sat hjá henni. Odysseifi gekkst hugur vid sorgar- kvein konu sinnar, en þó stódu augun í honum og bærd- ust efti, heldur enn í heim væri horn eda járn; svo vardist hann tárnum kænlega. En er hún hafdi svals- ad sér á heim táruga harmi, tók hún aptur til orðs,

og sagði vid hann: 'Nú ætla eg ad gera raun til, gestur, hvort þad sé satt, sem þú segir, ad þú hafir gissi manni minni og hans ágætu fórunauta í hóll þinni. Lístu fyrir mér ad nokkuru klædum þeim, sem hann var í, og hvørnig hann sjálfur var í hátt, svo og félögum þeim, sem med honum voru. Hinn rádagödi Odysseifur svaradi henni og sagði: bágt verdur fyrir mig, drottning, ad segja þér þad, þar sem svo lángt er, síðan vid höfum séjt, hví nú er á tuttugasta ár, síðan hann fór þadan, og buxt frá födurlandi mínu. Eigi ad síður skal eg segja þér þad, sem mig rekur minni til. Hinn ágæti Odysseifur var í sjölgóðri purpurastíkkju tvíbrotni, á henni var gullpar med tveimur augum. Framan á þarinni var gert hagvirki: þar var á hundur, sem heildt á flekkóttum hindarkálfi í framhlöppnum, og hvesti rakkinn augun á kálfinn, medan hann var ad sprikla; en á hví furduðu sig allir, hvorsu þad var gert, ad hundurinn hvesti augun á kálfénnum, medan hann var ad kyrkja ham, og hvørnig kálfurinn spriklaði fótunum, til þess ad losa sig, og þó voru þeir bádir úr gulli gerdir. Eptir hví tók eg líka, ad Odysseifur var í ljómanda kyrtli, hann var eins mjúkur og himna á þurrum huapplauk, en svo lýsti af honum, sem af sólu; vard morgu af euenfólkini næsta starshýnt á hann. En eitt vil eg segja þér, sem þú skalt taka eptir: þad veit eg ekki, hvort þetta var hvors dags klædnadur hans, eda hafdi einhvorr af vinum hans gefið honum þessi klædi, þá hann gekk á skip sitt, eda þá einhvorr gesfélagi hans; hví Odysseifur var vinsæll af morgumi, og fáir voru honum líkir af AKEUM. Eg gaf honum eisverd og fallega purpurastíkkju tvíbrotna og dragkyrti, og létt sylgja honum til skipi med miklum

um virktum. Kallari nokkur var í fór med honum, litlu eldri en Odysseifur; eg skal segja þér, hvornið hann var í hátt: hann var beginn í herdum, dökur á horundslit og hrofkinhördur; hann hét Vorýbates, virdti Odysseifur hann meir en adra fórumauta sína, því hann var honum lyndislikur.

Evo mælti hann, og vakti med þessari sögu upp hjá henni ein meiri sorgar launum, því hún kannadist vid þér jarteiknir, er Odysseifur lýsti svo glögglega fyrir henni. En er hún hafði svalad sér á heim tárunga harmi, þá svaradi hún honum aptur og sagdi: Þó þú, gestur, hafir ádur fyrir meir verid aunauleysingur, þá skal eg þó nú hafa þig í kærleikum og virdingu, medan þú ert í hóll minni; því eg tök sjálf þessi klædi, rétt eins og þú lýstir heim, úr geymslusálnum, og fækki honum þau samanbrotin; eg hafði sjálf látid þad fallega par á skikkjuna, honum til búningsbótar; en manninn minn fæ eg aldrei ad sjá aptur, heimkominn í sitt fóðurland. Hefir því Odysseifur illu heilli farid þessa sjóferd til ad sjá ólánsvorgina Ilusborg, sem eg aldrei má nefna. Hinn rádagóði Odysseifur svaradi henni og sagdi: Þú heidvilda kona Odysseifa Laertessonar, ófríðka þú eigi lengur þieni sagra litarhátt, og lát eigi hjarta þitt sundur renna af harmi eptir mann þinn! Og lái eg þér þad þó ekki; því hvor kona, sem misfir eigtinmann sinn, sem hún hefir átt bæn vid, grætur lát hans, enn þótt hann ekki væri annar eins madur og Odysseifur, sem tuenn segja líkan vera gudumum. Hættu þessum harmi, og tak eptir því, sem eg segi; því eg skal segja þér fyrir satt, og ekki leyna þig því, ad eg frétti mylega í Tesprótalandi hér nálægt, ad Odysseifur er á lífi, og hans bráðum heiði von; hefir haun

medferdis margar ágætar gersemar, sem hann hefir fengið þar í landinu gefins; en sína tryggu fórunauta og skip sitt misti hann á því dimma hafi, þá hann fór frá eynni Trínakju, því bædi Seifur og Hélus voru honum reidir, fyrir þad ad fórunautar hans hófni dreppti naut Hélusar; fórust því allir félagar hans á því brimóttu hafi, en aldan rak sjálfsan hann upp ad landi á skipskjólnum vid land Fækta, sem eru jafnælir gudunum; heir tóku honum ásthamlega, eins og hann væri einhvorr af gudunum, gáfu honum stórgjafir, og vildu greida fór hans heim, svo honum yrði vid aungvu hætt. Fyrir laungu hefði Odysseifur getað verið hingad kominn, en honum hefir þókt betra, ad fara víða um lond og ofla sér fjár; því svo var Odysseifur hvortum manni sedari, ad enginn þurfti vid hann ad keppa. Þetta sagdi Fídon mér, Tespróta konungur, og sör ad mér áheyrandu, þá hann var ad dreypa dreypisórn í hóll sinni, ad skip hans væri framm sett, og menn til farat ráðnir, sem skyldu flotja hann heim í sitt kæra södurland. En mig létt hann fara frá sér ádur; því svo stóð á, ad eitt skip, sem Tesprótar áttu. øtlaði til hinnar hveitisfrjósu Dúlikseyar. Kóngur sýndi mér og alla þá fjármunt, er Odysseifi höfdu bætt; eg held hann gæti fædt annan mann til, allt fram á tíunda mannsaldur, svo voru þær gersemar margar, sem hann átti í geymslu í herbergjum konungssins. Konungur kvad hann ferdaðt hafa til Dóðónu, til þess ad hevra, undan því hálaufgada eikitré gudsins, hvada ráð Seifur legdi til, hvort hann skyldi koma heim til síns kæra södurlands eptir svo lánga burtveru á allra manna vitordi eda leynilega. Eptir þessu er þá Odysseifar enn þá á lífi, og mun bráðum heim koma, mun hann ekki lengi hér ept-

ir sjærvistum vera frá vinum sínum og fðurlandi, og em eg alþúinn ad vinna þér eid ad -þessu. Niti þad fyrst Seifur, sem ædstur er og máttugastur gudanna, vici þad eldstalli hins ágæta Odysseis, sem eg nú er til kominn, ad allt skal þad retast, sem eg nú segi: Odysseifur mun koma hér til lands um næstu mánadas móti á þessu ári, sem nú yfirlendur. Hin vitra Penelope svaradi honum: Eg vildi óska, gestur, ad þetta rættist, sem þú segir; þá skyldir þú fá góðan greida og margar gjafir hjá mér, svo ad hvorr, sem yrði á vegi þínum, skyldi telja þig lánsmann. En þad er hugbod mitt, og þad mun sannast, ad hvorki mun Odysseifur framar heim koma, né heldur þú fá hér nokkarn fararbeina; því nú eru ekki hée á heimili adrir eins forgángsmenn, og Odysseifur var, medan hans naut vid — ávallt er mér eptirssjón ad honum! — hvort til ad taka móti virduglegum gestum, né til ad veita þeim farargreida. Farid nú, þjónustumeyar, og gerid gestinum fótlaug, búid honum hvílu og setjíð til rímu med yfirhöfnum og glæsilegum glítabréidum, svo henum verdi vel hlýtt til morguns. En árla á morgun skulud þér lauga hann og smyrja, svo hann geti setið ad dagverði í stofunni med Telemakfusi; en hvorr fá af bidlunum, sem skapraunat manni þessum og módgær hann, skal sjálfsan sig syrir hitta, sá madur hefir ekkert hét ad gera þadan af, hvort sem honum þykir betur eda midur. Því hvorsu máttu vita, gestur, hvort eg er syrit óðrum konum ad hyggindum og ráðsnild, ef þú situr ad veizlu í hökinni óhreinlegur til fara og illa kúinn? Skymm er hérvist: ar dýsl mannanna. Hvorr fá sem tjáir sig hardhjartadan og er grimmur í skapi, honum bidur hvorr madur bols, svo lengi sem hann lífir, en þegar hann er láttinn,

spotta hann allir. En sá sem er góður madur og tjáir sig sem góðan mann, hans lofstir vildfægja ókunnir menn um öll lond, og margir menn tala vel um hann. Hinn rádagóði Odysseifur svaradi henni og sagði: Þú heids vírda kona Odysseifs Laertessonar! eg skal segja þér það fyrir satt, ad þegar eg fyrst fór á lángskipi frá hinnum snjólosgdu fjöllum í Krítey, var mér leidt ad hafa ofan á mér yfirhafnir og glæsilegar glitábreydur; vil eg því eiga adra eins hvílu, og ádur hesi eg átt, þótt mér ekkí hasi ordid mjög svefnaut á næturnar; því marga nótt hesi eg legið lélegu rúni, og vakad til birtíngar. EKKI er mér heldur um, ad taka sótlaug, og eingin af ambáttum heim, sem þjóna í húsi þinni, skal snerta sót minni, nema hér sé einhvør gomul kona og nákvæma, sem ratad hesir í eins margar raunir, og eg hesi ordid ad þóla; sé sú til, þá held eg meini henni ekkí ad koma vid fætur mína. Hín vitra Penelopa svaradi honum: Kæri gestur! eg má falla þig svo, þar sem einginn gestur hesir enni komið í húsi mitt frá útlöndum jafnvitsur, ad mér hasi kærari verid, en þú; því þú talar allt af miklum vitsinum, og þó mjög ordfærlega. Hér er hjá mér gomul kona nokkur, sem hesir morg vituleg ráð í brjósti sér; hún tók vid veselings manninum mínum, undir eins og hann var fæddur, og uppól hann og fóstradi med mikilli viðkt. Hún skal þro fætur þina, þó hún sé næsta hrum ordin. Stattu nú upp, vitra Eryklea, og laugadu þenna mann. Hann er jafnaldri hússbóna þins, og vera má, ad Odysseifur hasi nú eins ellilegar hendur og fætur, því fljótt eldast daudlegir menn í mótganginum. Svo mælti hún, en gamla konan héldt hondum fyrir andlit sér, úthelti heitum tárum, og tók til orda harmandi: æ, mig tekur sárt til þin,

